

Kirkjuþing 2023-2024

53. mál – þskj. 94

Nefndarálit

við skýrslu starfshóps um endurskoðun framtíðarskipanar Þjóðkirkjunnar o.fl.

Frá löggjafarnefnd.

Frsm. Bryndís Malla Elíóttir.


Löggjafarnefnd hefur fjallað um skýrslu starfshóps um endurskoðun framtíðarskipanar Þjóðkirkjunnar o.fl. og leggur til að kirkjuþing 2023-2024 samþykki eftirfarandi:


Þ i n g s á l y k t u n :

Kirkjuþing samþykkir að í stað framkvæmdanefndar kirkjuþings, sem stofnsett var á 61. kirkjuþingi (aukakirkjuþingi) 2021, kemur stjórn Þjóðkirkjunnar, sem kirkjuþing kýs. Stjórnin skal kosin árlega á síðasta fundi reglulegs kirkjuþings að hausti. Stjórnin starfar á ábyrgð kirkjuþings og lýtur boðvaldi þingsins. Stjórnina skipa fimm kirkjuþingsfulltrúar úr röðum aðalmanna, þrír úr hópi óvígðra og tveir úr hópi vígðra. Þrír varamenn eru kosnir með sama hætti. Formaður komi úr röðum leikmanna og skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Gæta skal að kynjahlutföllum við kosningu í stjórn. Formenn og varaformenn fastanefnda geta ekki verið í stjórn Þjóðkirkjunnar. Stjórnin fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni. Meirihluti stjórnar ritar firma Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2023-2024 kýs stjórn Þjóðkirkjunnar á síðasta fundi þingsins og skal sú stjórn sitja uns ný stjórn hefur verið kosin á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2025.

Jafnframt samþykkir kirkjuþing eftirfarandi skipurit sem skipurit Þjóðkirkjunnar:





Greinargerð:

Fyrir kirkjuþingi hefur legið ítarleg skýrsla starfshóps kirkjuþings um ofangreint efni, sbr. þskj. 64. kirkjuþings 2022-2023, nr. 81. Löggjafarnefnd telur því ekki þörf á að leggja fram ítarlegan rökstuðning með nefndaráliti sínu en fjallar í greinargerð þessari um þau meginsjónarmið sem að baki álitinu og skipulaginu búa.

Skipulagið skýrir sig í aðalatriðum sjálfst. Það er heildarskipulag sem sýnir heildarstarf kirkjunnar og hvernig hlutverkum er skipt á milli sviða í ljósi þeirrar ábyrgðar sem lög og starfsreglur kirkjuþings hafa falið stjórnendum kirkjunnar og einnig með tilliti til þeirra kirkjulegu skuldbindinga og hefða sem Þjóðkirkjan aðhyllist. Mikilvægi samstarfs biskups og stjórnar er á táknrænan hátt sýnt með punktalínu á skipuritinu.

Öllum fjárhagslegum málefnum er komið fyrir undir stjórn Þjóðkirkjunnar sem framfylgir ákvörðunum kirkjuþings á milli þinga og ræður framkvæmdastjóra. Biskup hefur rétt og ber skyldu til að sitja stjórnarfundum Þjóðkirkjunnar með málfrelsi og tillögurétt. Biskup og framkvæmdastjóri lúta ákvörðunum stjórnar um fjárframlög. Framkvæmdastjóri rekur öll nauðsynleg stoðsvið kirkjunnar og gætir þess að jafnan séu til staðar fjármunir svo að starfsemi kirkjunnar geti farið fram með skipulögðum og öflugum hætti. Biskup Íslands er æðsti yfirmaður Þjóðkirkjunnar, gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu. Hlutverk biskups er að tryggja boðun fagnaðarerindisins. Samkvæmt þessu skipulagi sækir biskup fjárhagslegan styrk til stoðsviðs og stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Fjárhagsáætlun er mikilvæg forsenda að baki þess skipulags sem hér er lagt til. Gera skal slíka áætlun hvert ár og skal gerð hennar lokið áður en nýtt ár gengur í garð. Þar skulu allir helstu útgjaldaliðir tilgreindir, skipan starfsmanna hvort sem er í vígðri þjónustu eða annarri. Skal biskupafundur við gerð fjárhagsáætlunar leggja fram heildarsýn sína á skipan prestakalla, prófastdæma og fjölda presta í sóknum og prestaköllum.

Reykjavík, 7. mars 2024.

Löggjafarnefnd.

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Bryndís Malla Elíadóttir, form.

Elínborg Sturludóttir.

Jóhanna Gísladóttir.

Konráð Gylfason, varaform.

Magnús Erlingsson

Óskar Magnússon.

Stefán Magnússon.

Kriustrún Heimisdóttur var fjarverandi við afgreiðslu málsins.